



VOGAR - HRAÐFERÐ

Rekstur og fjárhagsáætlun

Það eru margar áskoranir að takast á við á þessum undarlegu tímum, ekki síst í rekstri sveitarfélagsins. Nú hefur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga boðað skerðingu framlaga fyrir árið í ár, samtals tæpa 4 milljarða króna. Þessi skerðing hefur í för með sér 33,5 m.kr. tekjumissi fyrir Sveitarfélagið Voga, og munar um minna. Auk þessara skerðinga jöfnunarsjóðsframlaganna má gera ráð fyrir minni útsvarstekjum, þar sem atvinnuleysi er mikið í okkar landshluta og viðbúið að tekjur fólks lækki umtalsvert þegar áhrif uppsagna fer að gæta að fullu. Við stöndum því frammi fyrir því verkefni að takast á við þessar áskoranir, og finna leiðir út úr þeim þrengingum sem tekjuskerðingin hefur í för með sér. Framundan er vinna við gerð fjárhagsáætlunar fyrir næstu fjögur ár, með áherslu á áætlun ársins 2021. Bæjarráð mun þegar á næsta fundi sínum hefja umfjöllun um áætlunina, þar sem m.a. verður farið yfir forsendur auk þess að fjalla um markmið sem nauðsynlegt verður að setja í þeirri vegferð sem framundan er.

Ljósleiðari í dreifbýli

Þau ánægjulegu tíðindi urðu nýverið að Fjarskiptasjóður fékk viðbótarfjárveitingu úr Ríkissjóði til eflingar verkefnisins „Ísland ljóstengt 2020“. Á síðasta ári var unnið að lagningu ljósleiðara í dreifbýli sveitarfélagsins, þ.e. á Vatnsleysuströnd og í Hvassahrauni. Ekki tókst að ljúka verkinu vegna skorts á fjárveitingu, en verkið reyndist talsvert dýrara en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Nú hefur sjóðurinn veitt viðbótarfé til verksins, og sjáum við því sem betur fer fyrir endann á verkinu. Á næstu dögum og vikum mun verktakinn hefjast handa að nýju við lagningu ljóðsleiðarans, og innan tíðar verða því vonandi allir komnir með örugga háhraðatengingu.

Ferðast á heimaslóð

Í ár ferðast margir landsmenn innanlands, enda aðstæður þannig að ekki hentar að ferðast utanlands, a.m.k. ekki enn sem komið er. Hér í sveitarfélaginu er margt áhugaverðra staða, og gaman að sjá hversu margir heimamenn eru duglegir að nýta sér þá möguleika sem hér gefast til útivistar. Ég hvet alla til að gefa nærumhverfinu gaum, hér leynast margir áhugaverðir staðir með fjölbreyttri og fallegri náttúru. Við erum svo lánsöm að hafa nálægð við hafið, með tilheyrandi strandlengju. Hraun er hér víða, og fjöll til að ganga á. Um að gera að nýta sér alla þessa möguleika nú þegar hásumar er, veðrið gott og dagarnir langir.

Hermann nýr þjálfari Þróttar

Hermann Hreiðarsson, fyrrum landsliðsmaður í knattspyrnu og fyrrverandi þjálfari ÍBV og Fylkis hefur tekið við þjálfun meistaraflokks Þróttar í knattspyrnu. Hermann á að baki langan feril með leikmaður og spilaði á sínum tíma sem atvinnumaður í Englandi, auk margra landsleikja fyrir Ísland. Pistlahöfundur heyrði af þessu tilefni í nýja þjálfaranum sem segist fullur tilhlökkunar að takast á við verkefnið, hann skynji mikinn metnað hjá félaginu þar sem hjartað sé á réttum stað. Aðstaðan er til fyrirmyndar, og því hafi hann góðan efnivið að vinna með. Næsti leikur Þróttar er á Húsavík á morgun (laugardag), en næsti heimaleikur og fyrsti heimaleikur Hermanns er föstudaginn 17. júlí á móti Selfossi. Við bjóðum Hermann velkominn í Vogafjölskylduna, verum öll dugleg að mæta á völlinn og styðja okkar menn!

Að lokum óska ég öllum góðrar helgar og sól í hjarta!

Ábyrgðarmaður: Ásgeir Eiríksson asgeir@vogar.is

10.7.2020 8.árg.9.tbl.

Innihald þessa pistils er ætlað að þjóna því hlutverki að miðla fréttum af því sem efst er á baugi hverju sinni á vettvangi Sveitarfélagsins Voga sem og að halda til haga gagnlegum upplýsingum um starfsemina á vettvangi þess.